

Svör faghóps 2 við athugasemdum úr kynningar- og samráðsferli við tillögu að flokkun tíu virkjunarkosta í vindorku

Apríl 2025

Inngangur

Í eftirfarandi greinargerð eru svör faghóps 2 við athugasemdum sem komu í samráðs- og kynningarferli við tillögu að flokkun tíu vindorkukosta. Um er að ræða tvö umsagnarferli, í fyrra ferlinu sem stóð í fjórar vikur, 12.12.2024-10.01.2025, lagði verkefnisstjórn fram drög að flokkun tíu vindorkukosta og komu þá 117 athugasemdir við drögin. Í seinna umsagnarferlinu sem tók tólf vikur, 30.01.2025-23.04.2025 lagði verkefnisstjórnin fram tillögu að flokkun vindorkukostanna og komu þá 53 athugasemdir við tillögu verkefnisstjórnar að flokkun þeirra.

Einstaka athugasemdir og svör við þeim eru listuð upp hér á eftir. Fyrst er fjallað um umsagnir sem komu í fyrra umsagnarferlinu <https://island.is/samradsgatt/mal/3868> og síðan umsagnir sem komu í síðara umsagnarferlinu <https://island.is/samradsgatt/mal/3892>.

Fyrra umsagnarferli

1. Umsögn nr. 50 - Karólína D Þorsteinsdóttir v. Alviðru

Umsögn

„Þá er spurning hvort tveggja kílómetra fjarlægð búreksturs frá framkvæmdasvæði taki til beitarlands/ afréttar eða einungis til staðsetningar býlis. Sauðfjárbúskapur er ekki eingöngu matvælaframleiðsla og þar með veigamikill þáttur fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar heldur einnig bluti af menningu okkar.“

Svar faghóps 2

Við mat á áhrifum vindorkuvirkjana á landbúnað er horft til alls búreksturs, bæði býla, ræktarlands og beitarlanda/afrétta (sjá skýrslu faghóps 2).

2. Umsögn nr. 56, liður 6. Óskar Baldvin Hauksson v. Alviðru

Umsögn

„Hvað Alviðru varðar sérstaklega er mjög einkennilegt að niðurstaða faghóps 2 skuli vera að áhrif á aðra hagsmuni séu metin 9 ljósi þess að virkjunin er í næsta nágrenni við eina verðmætustu laxveiðiá Íslands. Engar skýringar eru gefnar í drögunum í hverju AHP aðferðafræðin felst.“

Svar faghóps 2

Faghópur 2 notar ekki AHP aðferðafræði. Mat á áhrifum á veiði var gerð á tvennan hátt, annars vegar sem afþreying og hins vegar sem landnotkun. Einkunn veiði sem afþreyingar fyrir virkjun var 10 en lækkaði í 1 með tilkomu virkjunar í Alviðru. Einkunn veiði sem landnotkunar fyrir virkjun var 10 en lækkaði í 3 með tilkomu virkjunar í Alviðru. Áhrif á veiði voru því metin mjög mikil.

3. Umsögn nr. 57. Stefanía Katrín Karlsdóttir

Umsögn

„Ekki er fjallað nægjanlega um áhrif vindorkusvæða á ferðaþjónustu á Íslandi.“

Svar faghóps 2

Faghópur 2 mat áhrif vindorkuvera á ferðaþjónustu mjög mikil. Á mynd 21 bls. 54 sést að vindorkukostir raða sér í 10 efstu sætin hvað áhrif á ferðamennsku og útivist varðar.

4. Umsögn nr. 70 - Málfríður Kristjánsdóttir

Umsögn

„Of lítið er vitað um áhrif vindorkuvera á dýralíf. Rannsóknir frá Finnlandi og Noregi sýna að breindýr halda sig í 15 km fjarlægð frá vindorkuverum. Kýr eru líka klaufdýr og gera má ráð fyrir að þær séu jafn viðkvæmar ef ekki viðkvæmari fyrir sömu tíðni. Nokkur kúabú eru í nárumbhverfi „Alviðru“. Þessi þáttur hefur ekki verið rannsakaður nægjanlega. Þá eru ótalin áhrif á mannfólkið. Vindorkuver svo nálægt jörðum í byggð eiga ekki rétt á sér.“

Svar faghóps 2

Árið 2024 var unnin skýrslan „Áhrif vindorkuvera og afleiddra mannvirkja á landbúnaðarstarfssemi“ þar sem var tekin var saman sú þekking sem er til staðar í heiminum um áhrif vindorkuvera á m.a. hreindýr og kýr. Virði Alviðrusvæðisins til landbúnaðar lækkar frá 3 fyrir virkjun til 1 eftir virkjun, vegna þessara áhrifa.

5. Umsögn nr. 74. Qair Ísland ehf

Umsögn

2.2.1. Skoðun bagaðila í ferðapjónustu fær of mikið vægi á kostnað annarra sjónarmiða
„Í umfjöllun faghóps 2 um ferðamennsku er ljóst að skoðun bagaðila í ferðapjónustu hefur mjög mikið vægi þrátt fyrir að draga megi blutdrægni þeirra skoðana í efa. Gata skyldi sanngirni milli atvinnugreina en hygla ekki einni grein á kostnað annarra. Að auki hefur faghópurinn ekki tekið tillit til skoðana ferðamanna sambliða skoðun bagaðila í ferðapjónustu þrátt fyrir að þau gögn liggi fyrir og verði reifuð sérstaklega í annarri umferð umsagnarferlisins. Auk þess tekur samanburður vatnsafls- og jarðhitavirkjana við vindorkugarða ekki tillit til sérstöðu þeirra virkjunarkosta sem um ræðir og er til þess fallinn að draga taum þeirra fyrrnefndu.“

Svar faghóps 2

Sjá svar í lið 12 í seinna umsagnarferli

Umsögn

2.2.2. Skörun er milli viðfanga sem liggja til grundvallar greiningunni
Í töflu 1 í skýrslu faghóps 2 er undirviðföngum meginviðfanganna „upplifunar“, „afþreyingarmöguleika“ og „notkunar“ lýst. Svo virðist sem nokkur skörun sé á undirviðföngum þessara meginviðfanga. Þar má t.d. nefna að „náttúruskoðun“ er meðal undirviðfanga „afþreyingarmöguleika“, en meginviðfangið „upplifun“ samanstendur að megininu til af undirviðföngum, hverra upplifun flokkast sem náttúruskoðun, þ.e. upplifun á vötnum, ám, fossum, lindum, jökullónum, sjávarlónum og sjávarsvæðum/ummerkjum um eldvirkni, gíga og braun. Skörun undirviðfanga veldur því að sömu þáttum er úthlutað vægi tvisvar sinnum 15 eða oftar. Óskað er eftir að faghópur 2 skýri betur út afmörkun viðfanga/undirviðfanganna sem notuð eru í greiningunni.

Svar faghóps 2

Sömu aðferðafræði er beitt í tilviki allra virkjunarkosta og hefur það þar af leiðandi ekki áhrif á röðun virkjunarkostanna. Vissulega verður einhver skörun en það er hægt að vera með fagurt land án þess að það henti til ákveðinnar afþreyingar eins og náttúruskoðunar. Varðandi viðföng upplifunar þá eru aðeins tvö viðföng af fjórum notuð við útreikninga í hverju tilviki fyrir sig, sjá töflu 1 í lokaskýrslu faghóps 2.

Umsögn

2.2.3. Misræmi í einkunnargjöf virkjunarkosta fyrir sameinuð viðfangsefni

„Sameining viðfangsefna reiknuð fyrir hvern virkjunarkost í skýrslu faghóps 2 samræmast ekki. Í töflu 29 og mynd 52 eru sameinuð gildi fyrir Sólheima og Hnotastein 7,58 og 8,37 í þeirri röð, en á mynd 53 eru gildin 7,78 og 8,47 í þeirri röð. Sams konar misræmis gætir fyrir aðra virkjunarkosti“.

Svar faghóps 2

Ekki er um misræmi að ræða. Í töflu 29 og mynd 52 er verið að bera saman þá virkjunarkosti sem koma til mats í 5. áfanga. Þar verður umreiknaður afleiðingarstuðull Mosfellsheiðarvirkjunar I að einkunn 10 og Skúfnvatnavirkjun 0, þ.e. mestu og minnstu áhrif á ferðamennsku. Í mynd 53 hins vegar er verið að bera saman alla virkjunarkosti sem hafa verið metnir í 3., 4. og 5. áfanga. Þar fær Mosfellsheiðarvirkjun einkunnina 10 en Urriðafossvirkjun 3áf einkunnina 0. Við það breytist lokatala/gildi einstakra virkjunarkosta.

Sólheimar

Umsögn

3.2.1. Ofmat á sýnileika að Sólheimum frá ferðamannaleiðum.

Svar faghóps 2

Mat á sýnileika byggir á því að vindmyllurnar eru mjög sýnilegar á hluta leiðar.

Umsögn

3.2.2. Meint ábrif á landbúnað eru ýkt.

Svar faghóps 2

Samkvæmt aðferðafræði faghópsins fær land sem hentar mjög vel til ræktunar og/eða beitar hæstu einkunn (10). Landið í kringum Sólheimavirkjun hentar mjög vel til beitar og fær því þessa einkunn.

Umsögn

3.2.3. Umfjöllun um ábrif á veiði byggir á röngum forsendum.

Svar faghóps 2

Í athugasemdum Qair varðandi umfjöllun faghóps 2 um veiði er fyrirsögnin „Umfjöllun um ábrif á veiði byggir á röngum forsendum“. Efnislega snýr sú athugasemd að því að framkvæmdaaðili er ósammála einkunnagjöf frekar en forsendum matsins. Umfjöllun faghópsins um möguleg áhrif frá álagi af jöfnunarorku frá vatnsaflsvirkjunum er almenns eðlis en snýr ekki beint að einstökum virkjunum enda oftast óvissa um hvernig orka verður nýtt til langrar framtíðar. Varðandi þá gagnrýni að faghópurinn hafi ekki kynnt sér samninga Veiðifélags Laxár í Dölum við landeigendur er þáttur sem telst frekar til þess sem fjallað er um í mati á umhverfisáhrifum.

Hnotasteinn

Umsögn

4.2.1. Mat á virði ferðasvæða skortir gagnsæi og tekur ekki til greina fyrirbyggjandi rannsóknir.

Svar faghóps 2

Það kemur skýrt fram í töflu 2 í skýrslu faghópsins að einkunn fyrir fegurð þess ferðasvæðis sem framkvæmdasvæðið er á lækkar í flestum tilvikum niður í 1. Algjört samræmi er í einkunnagjöf milli virkjunarkosta og hefur þar af leiðandi ekki áhrif á röðun kostanna.

6. Umsögn nr. 76. WPD v. Hrútmúlavirkjunar

Umsögn

„Á mynd 24 á bls. 59 í skýrslu faghóps 2 sést ábrifasvæði Hrútmúlavirkjunar ásamt fræðilegum sýnileika. Þar er svæðið Gullfoss til að mynda skilgreint sem gríðarstórt ábrifasvæði þar sem ábrif virkjunarkostsins eru talin afar slæm. Slíka skilgreiningu má túlka þannig að vindtúrbínur hafi áhrif á allt svæðið, þar á meðal Gullfoss og aðra mikilvæga ferðamannastaði innan svæðisins þó virkjunin sé ekki sýnileg þaðan. Einnig má áætla miðað við umrædda mynd að ábrifasvæði virkjunarinnar nái langt inn á hálendi Íslands, eða vel yfir 100 km frá næstu túrbínu. Ábrif vindorkuvers í slíkri fjarlægð má telja óveruleg.“

Svar faghóps 2

Eins og kemur fram á bls. 13 í skýrslu, þar sem vísað er í rannsókn á áhrifasvæðum virkjana, þá hafa virkjanir að mati margra ferðapjónustuaðila áhrif á mun stærra svæði en sýnileiki virkjunarmannvirkja nær til. Sjá enn fremur mynd 8 bls. 15 með niðurstöðum rannsóknar sem sýnir m.a. áhrifasvæði Búrfellslundar á ferðamennsku. Hrútmúlavirkjun hefur ekki eingöngu áhrif á ferðamennsku í næsta nágrenni virkjunar heldur hefur hún einnig áhrif á ferðaleiðir, t.d. reiðleiðir úr byggð og inn á hálendið eins og segir í kafla 2.6.2.2.

Umsögn

„Faghópur 2 bendir á að ábrif Hrútmúlavirkjunar á landbúnað í nágrenni Skáldabúða geti verið töluverð og m.a. bendi faghópur 3 á að 14 manns búi innan við 2 km frá Hrútmúlavirkjun. Í áformum Hrútmúlavirkjunar er áætlað að vindtúrbínur séu staðsettar um 2 km frá byggð og að engin búi innan við 1,5 km frá næstu vindtúrbínu.“

Vísindarannsóknir hafa ekki sýnt fram á neikvæð ábrif vindtúrbína á landbúnað í slíkri fjarlægð, þó neikvæð ábrif geti vissulega átt sér stað ef staðsetning þeirra er í mikilli nálægð við landbúnað. Því hefur mikla reynslu á þróun vindorkuvera nærri landbúnaðarstarfsemi erlendis og leggur ávallt áherslu á að starfsemi fyrirtækisins hafi ekki neikvæð ábrif á landbúnað. Við hönnun og uppbyggingu vindorkuvera er ætíð tryggt að lögum og reglum um hljóðvist sé fylgt. Því gerir það verulegar athugasemdir um fullyrðingar þess efnis að ábrif geti verið töluverð þar sem reynsla erlendis sé ekki í þá veru.“

Svar faghóps 2

Í skýrslu faghóps 2 stendur: „Framkvæmdasvæði Hrútmúlavirkjunar er staðsett á ræktarlandi og er innan skilgreindra beitarsvæða sem er talsvert nýtt í dag. Hentugleiki til ræktar og beitarafnota er sæmilegt til gott. Talsvert búfjárhald, m.a. sauðfé, nautgripir og hross, er innan 2 km rás frá fyrirhuguðu vindorkuveri. Áætla má því að vindorkuverið muni hafa töluverð áhrif á landbúnað í kringum það.“

Þar sem ekki er til nægjanleg þekking, ber okkur að horfa til varúðarreglu. Öll svæði eru metin út frá sömu forsendum. 6 fer niður í 1, annars vegna þess að landrými til ræktunar og beitar skerðist vegna fyrirhugaðs vindorkuvers og hins vegar vegna hugsanlegra áhrifa á möguleika til húsdýrahalds sem er í nálægð við virkjunina.

7. Umsögn nr. 94. Hrójónur ehf v. Alviðru

Umsögn

„Í faghópi 2 er gerð tilraun til að meta neikvæð áhrif virkjunarkosta á sportveiði og sölu veiðileyfa. Rétt er þó að vekja athygli á því að sérfræðingur hópsins er sérfræðingur um fisk en ekki markaðsmál. Allt að einu virðir framkvæmdaaðili mat hans og eindregna skoðun gegn vindorku, þó hann sé henni ósammála.

Svar faghóps 2

Innan faghóps 2 eru fleiri sérfræðingar, þ.á.m. í markaðsmálum, sem komu að viðkomandi mati.

Umsögn

„Þær athyglisverðu upplýsingar koma fram í kafla um landbúnað að sauðfé geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum í allt að 1800 metra fjarlægð. Í rammaáætlun 4. áfanga gaf verkefnisstjórnin út skýrslu um að engar ritryndar rannsóknir væru til um þetta efni. Þessar gjörólíku umfjallanir þarf verkefnisstjórnin að skýra betur svo ljóst verði hvort er rétt og hversvegna. Út frá þessum og fleiri þáttum eru svo reiknuð neikvæð áhrif á lögbýlin í grenndinni. Er það eflaust allt eftir kúnstarinnar reglum. Í veruleikanum er hinsvegar landbúnaður aðeins stundaður á einu þeirra 6 lögbýla sem næst eru Alviðru. Nokkur hross eru á annarri jörð og hundar á þeirri þriðju. En landbúnaðarjörðin þarna er Sigmundarstaðir sem er sauðfjárbúi er stendur að verkefninu. Er það mat bóndans að vindorkuverið muni styðja við sauðfjárbúið og skapa því rekstrargrundvöll. Mikið er um eyðijarðir beggja vegna við hálsinn og jarðir nýttar sem sumarbústaðir. Þarf verkefnisstjórnin auðvitað að spegla í mati sínu fræðin saman við veruleikann.“

Svar faghóps 2

Framkvæmdarsvæðið á Alviðru er á skilgreindu beitarlendi, sem telst þó mjög rýrt og þar er lítil beit. Þess vegna fær það einkunnina 3, sem er næst lægsta einkunn sem hægt er að fá. Sú einkunn fer niður í 1 vegna þeirra áhrifa sem að vindmyllurnar geta haft á búfénað á nærliggjandi svæðum.

8. Umsögn nr. 101. Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson v. Alviðru

Umsögn

„Mat á virði virðist einblína á massatúrismi og tekur ekki nægjanlegt tillit til gæðatengdrar ferðaþjónustu. Þetta getur leitt til þess að virði og áhrif á minni, sérhæfðari ferðaþjónustu séu vanmetin.

Svar faghóps 2

Það er tekið tillit til flestallra tegunda af ferðaþjónustu í mati faghópsins, hvort sem það eru gönguferðir, fjallaskíði, veiði o.s.frv. sem ekki myndu flokkast sem massatúrismi.

Umsögn

Víð mat á virði til ferðamennsku er tekið meðaltal hæstu fjögurra einkunna, sem getur „núllað út“ virði mikilvægrar starfsemi, svo sem laxveiði. Þetta þarf að endurskoða. Taka þarf betur tillit til staðbundins virðis einstaka þátta ferðamennsku.“

Svar faghóps 2

Í skýrslu faghóps 2 bls. 32 segir: “Þar sem afþreyingarmöguleikar eru mismunandi eftir ferðasvæðum, og mjög ósennilegt er að allar tegundir þeirra séu til staðar á hverju svæði, voru aðeins teknar með í útreikningana fjórar hæstu einkunnirnar. Með því að taka ekki einkunnir fyrir öll undirviðföng afþreyingarmöguleika inn í útreikningana var leitast við að draga ekki niður

einkunnir svæða sem henta fyrir fáar tegundir afþreyingar þar eð þessar fáu tegundir geta skipt mjög miklu máli á sumum stöðum.” Með þessari aðferðafræði er einmitt komið í veg fyrir að mikilvæg afþreying á viðkomandi svæði skipti ekki máli.

Umsögn

„Ekki virðist vera tekið nægilegt tillit til áhrifa á frístundabyggð, sem er mikilvægur hluti af innlendri ferðamennsku.“

Svar faghóps 2

Það er rétt að í skýrslu faghóps 2 var ekki fjallað sérstaklega um áhrif vindorkuvera á frístundabyggð. Við matið er hins vegar tekið tillit til frístundabyggða með óbeinum hætti þegar lagt er mat á virði einstakra svæða og áhrifa vindorkuvera á þau. Það er m.a. gert við mat á náttúrunni, möguleikum til útivistar og innviðum fyrir ferðaþjónustu. Í 5. áfanga rammaáætlunar var unnin skýrsla um áhrifasvæði vindorkukosta í tengslum við landbúnað og frístundabyggð¹. Með hliðsjón af þessari umsögn og öðrum umsögnum (umsagnir nr. 32, 48, 51, 61, 62, 70, 71 og 77) þar sem koma athugasemdir um neikvæð áhrif vindorkuvera á frístundabyggð, var ákveðið að draga þennan þátt betur fram í lokaskýrslu faghópsins.

Umsögn

*„Vogtölur taka ekki nægjanlegt tillit til efnahagslegs mikilvægis staðbundinna þátta svo sem veiðihlunninda eins og laxveiði, sem brýtur gegn markmiðum rammaáætlunar sem segir: „Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og **hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.**“*

Svar faghóps 2

Við útreikninga á virði ferðamennsku, landbúnaðar og veiði var notast við gögn sem taka tillit til landsins alls en svæðisbundin gögn og tölur um framleiðsluhlutfall atvinnugreina eru mjög takmörkuð og/eða ekki aðgengileg.

Umsögn

„Áhrif á laxveiði og hlunnindi sé verulega neikvæð en vegna aðferðafræði faghóps 2 dregur mikið úr þeim áhrifum í heildarsambeginu þrátt fyrir gríðarlegt efnahagslegt mikilvægi þessarra þátta í nærsamfélaginu.“

Svar faghóps 2

Sjá lið 2 þar sem er svar við umsögn nr. 56 og lið 10 hér að neðan um áhrif á veiði.

Umsögn

“Áhrifasvæði Alviðru skv vinnu faghóps 2 tekur ekki til Langjökuls þar sem fer fram jöklaferðamennska.”

Svar faghóps 2

Það er rétt að við matið var ferðasvæðið Langjökull ekki innan áhrifasvæðis Alviðru. Á sýnileikakorti fyrir vindorkuverið nær sýnileiki þess hins vegar inn á ferðasvæðið Langjökul þar

¹ Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir og Vigdís Freyja Helmutsdóttir (2023). Áhrifasvæði vindorkukosta í tengslum við landbúnað og frístundabyggð. Samantekt fyrir 5. áfanga rammaáætlunar.

sem á sér stað ferðamennska og útivist. Ferðasvæðið Hlöðuvellir var heldur ekki innan áhrifasvæðis Alviðru en þar er einnig lítilsháttar sýnileiki. Faghópurinn bætti því við ferðasvæðunum Langjökull og Hlöðuvellir við áhrifasvæðið og endurmat áhrif Alviðru m.t.t. þess. Það er í fullu samræmi við áhrifamat annarra vindorkuvera m.t.t. sýnileika þeirra.

9. Umsögn nr. 115. Kapall ehf. V. Alviðru

Umsögn

„EKKI er á það minnst í vinnu faghóps 2 vegna mats á áhrif vindorkukostsins Alviðru á veiði að á Grjóthálsi eru nokkuð veiðivötn. Eigendur þeirra vatna hafa lagt fjármuni og vinnu í uppbyggingu og viðhald stofna í þeim vötnum og væru þau algjörlega í bakgarði vindorkugarðsins. Sú upplifun sem veiði í óspilltri náttúrunni og kyrrðinni á Grjóthálsi væri algjörlega fyrir bí. Mikilvægt er að lítið sé til þessara hlunninda ekki síður. Þess má geta að Hólmavatn, eitt þeirra veiðivatna sem er á Grjóthálsi, er innan 2km radius frá vindorkukostinum Alviðru.“

Svar faghóps 2

Sjá næsta lið nr. 10.

10. Umsagnir nr. 25, 50, 56, 70, 101 og 115 gagnrýndu m.a. að áhrif Alviðru á veiði væru ekki metin nógu mikil.

Svar faghóps 2

Við mat á áhrifum vindorkuvers við Alviðru á veiði þá er aðferðafræði faghóps 2 fylgt og gefnar einkunnir í samræmi við hana. Hlutdeild veiði og landbúnaðar í verðmætamati faghóps 2 er í samræmi við hlutdeild þessara greina af heildarviðföngum faghópsins samkvæmt skiptingu þeirra í landsframleiðslu eftir því sem gögn ná til. Tvær af verðmætustu laxveiðiám landsins eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar við Alviðru. Ef frá eru talin áhrif á framkvæmdatíma er vandséð að um neikvæð áhrif verði að ræða á lífræna framleiðslu ána eða stærðir veiðistofna. Sá þáttur sem metin er neikvæður snýr að ímynd og þar með að draga úr vilja og aðsókn veiðimanna til að sækja veiði í viðkomandi ár. Þar sem veiði telst til sérhæfðar ferðamennsku eru líkur til að tekjur af veiði dragist saman en þær eru mikilvægur þáttur fyrir afkomu veiðiréttarhafa og þar með byggð á nærliggjandi svæðum. Varðandi veiðinýtingu í vötnum nærri framkvæmdasvæðinu á Grjóthálsi voru þau lítt þekkt en búast má við að þau verði skoðuð frekar við mat á umhverfisáhrifum ef eða þegar kemur að frekari undirbúningi framkvæmda.

11. Í umsögnum nr. 19, 55, 73, 78 og 80 kemur fram gagnrýni á að ekkert sé fjallað um áhrif vindorkuvera á flug í umfjöllun faghópa og lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Í umsögnum nr. 51 og 107 er einnig bent á að flugleið þyrli Landheligsgæslunnar sé um Grjótháls.

Svar faghóps 2

Faghópur 2 tekur undir þá gagnrýni að umfjöllun um áhrif vindorkuvera á flugumferð vanti inn í vinnu faghópsins. Hluti flugumferðar á sannanlega heima hjá faghópi 2 sem önnur landnotkun, t.d. það sem lýtur að afþreyingu, útivist og ferðamennsku. Hluti þess eins og samgöngur milli byggðarlaga, sjúkraflug og öryggismál telur faghópurinn að falli hins vegar frekar undir samfélagsmál og telur hann æskilegast að verkefnastjórn taki það mál upp og hafi samráð við

viðeigandi stofnanir og aðila eins og Svifflugfélag Íslands bendir á í sinni umsögn (umsögn nr. 73 í samráðsgátt [Samráðsgátt | Mál: S-229/2024](#)).

Faghópur 2 leggur til að fyrir næsta áfanga rammaáætlunar verði flugumferð bætt við þannig að verkefnisstjórn úthluti þeim þætti til viðkomandi faghópa sem hafa með málið að gera. Einnig verði lögð áhersla á að styrkja þekkingu á þessum þáttum t.d. með því að fá aðila með þekkingu á flugumferð inn í störf faghópa.

Miðað við núverandi stöðu og þekkingu faghópsins getur hann fyrst og fremst metið áhrif vindorkuvera á t.d. útsýnisflug yfir ferðasvæðum innan áhrifasvæða vindorkuvera. Þannig yrði útsýnisflug einn af þeim afþreyingarmöguleikum sem metnir yrðu innan viðkomandi ferðasvæða.

Faghópur 2 telur þó ólíklegt að lokaröðun faghópsins á áhrifum virkjunarkosta í 5. áfanga myndi breytast ef útsýnisflugi yrði bætt við sem einum afþreyingarmöguleika. Nú þegar eru ellefu mismunandi afþreyingarmöguleikar metnir af faghópnum en við útreikning á áhrifum virkjana eru eingöngu fjórir þeirra sem lækka mest í virði teknir með. Ólíklegt er að flug sem afþreying myndi oft vera í hópi þeirra fjögurra sem að lækkar mest.

Þó má segja að faghópurinn taki að einhverju leyti tillit til áhrifa vindorkuvera á útsýnisflug þar sem að það kemur fram í lækkun á einkunn á viðfögnum eins og t.d. víðerni, fegurð lands og almenn náttúruskoðun. Undir viðfanginu *náttúruskoðun*, sem er einn af þeim afþreyingarmöguleikum sem metnir voru, er þannig metið hversu áhugavert er að ferðast um svæðið (með fjölbreyttum ferðamáta) til að skoða landslag, landslagsheildir og náttúrufyrirbæri (sjá tafla 3 í skýrslu). Vindorkuver höfðu í öllum tilvikum mjög mikil áhrif á viðfangið *náttúruskoðun* á þeim ferðasvæðum þar sem framkvæmdasvæði veranna eru. Þá voru áhrif Mosfellsheiðarvirkjana I og II á ferðamennsku og útivist metin mjög mikil eins og sést á mynd 21 í skýrslu og þegar búið var að sameina áhrif þeirra á ferðamennsku, útivist, landbúnað og veiði (mynd 53) voru áhrif þessara virkjana ennþá mjög mikil og röðuðu þær sér í efstu sætin hvað áhrif varðar.

Seinna umsagnarferli

12. Umsögn nr. 7. Qair Ísland ehf.

Hér er annars vegar um að ræða athugasemdir sem hefur verið bætt við umsögn sem send var í fyrra umsagnarferlinu (*Umsögn Qair Ísland ehf. um drög að flokkun tíu vindorkukosta*) og hins vegar athugasemdir sem komu fram í *umsögn Qair Ísland ehf. um tillögur að flokkun tíu vindorkukosta*.

Umsögn

2.2.4 *Áhrif virkjunarkosta á ferðamennsku og útivist eru ekki metin á jöfnum forsendum** (viðbótarkafli við fyrri umsögn)

Umfiöllun í skýrslu faghóps 2 ber þess merki að faghópurinn hafi ekki metið áhrif á ferðamennsku á sömu forsendum fyrir alla virkjunarkosti sem til umfiöllunar voru. Sem dæmi má nefna, að í kafla 2.4.4 er vitnað í könnun sem Rögnvaldur Guðmundsson gerði í tengslum við umhverfismat Hnotasteins. Vissulega er það skylda verkefnisstjórnar og faghópa rammaáætlunar að nota allar tiltækar upplýsingar í umfiöllun sinni, og væri óskandi að því verklagi hefði verið fylgt í hvívetna. Hins vegar ber að túlka þær upplýsingar sem fyrir liggja í tilhlýðilegu sambengi og m.t.t. mismunandi magns upplýsinga sem til er um virkjunarkostina sem til umfiöllunar eru. Vert er að geta þess, að sambærilegar kannanir og sú sem vitnað er til hér lágu ekki fyrir í öllum verkefnum. Því getur könnun Rögnvaldar ekki verið grundvöllur samanburðar Hnotasteins við önnur verkefni þar sem slíkar kannanir

hafa ekki verið gerðar í ljósi þess að umhverfismat þeirra er skemur á veg komið. Þó eru niðurstöður könnunarinnar taldar til fyrir Hnotastein í kafla 2.6.2.4 sem ber heitið „Mat á ábrifum virkjunarkosta í 5. áfanga rammaáætlunar á ferðamennsku og útivist“, en þar segir:

„Að mati ferðaþjónustuaðila þykir það ekki passa fyrir ímynd svæðisins sem, að þeirra mati, felst í viðáttum og lítt snortnu landslagi (Rögnvaldur Guðmundsson, 2023)“

Fulltrúar faghóps 2 eru minntir á að þeim er skylt að virða jafnræðisreglu. Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir því hvernig umrædd könnun var notuð í þeim samanburði sem faghópurinn vann og hvernig leiðrétt var fyrir skorti á slíkum könnunum fyrir önnur verkefni þar sem það á við.

Svar faghóps 2

Niðurstaða faghóps 2 grundvallaðist ekki á könnun Rögnvaldar Guðmundssonar heldur byggði á aðferðafræði faghópsins og mati hans á viðföngum í þremur flokkum; *upplifun, afþreyingarmöguleikar og notkun* eins og gert var með alla þá orkukosti sem teknir voru til mats í 5. áfanga rammaáætlunar. Við mat hvers virkjunarkosts fyrir sig var horft til bestu fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. rannsókna Rögnvaldar.

Umsögn

4.2.2 Svæði umhverfis Hnotastein er gefin of há virðiseinkunn m.t.t. landbúnaðar (viðbótarkafli við fyrri umsögn)*

Qair gerir athugasemdir við umfjöllun faghóps 2 um landbúnað við Hnotastein. Í kafla 3.1.4 skýrslu faghópsins er virði svæðisins og ábrifum virkjunarkostsins á landbúnað lýst sem svo:

“Hnotasteinn er á skilgreindu beitarland en ekkert búfjárbald er innan 2 km radíuss frá áætluðu vindorkuveri fyrir utan sauðfjárbæit. Framkvæmdasvæðið er á svæði sem flokkast sem gott beitarland og þar er talsverð beit í dag. Einnig flokkast svæðið sem gott ræktunarland til framtíðar. Helstu ábrif virkjunar á þessu svæði eru því þau ábrif sem verða vegna þess lands sem fer undir mannvirki og raskast við framkvæmdirnar.”

Tilsvarandi virðiseinkunn er sett fram í töflu 26 í kafla 3.1.4.4 og er 6, en í töflu 25 er sú einkunn skýrð sem svo:

“Vel gróið land, mikið beitarnot og/ eða gott ræktunarland”

Í desember 2024 birti Norðurlingur í skipulagsgátt vinnslutillögu að aðalskipulagi 25, en meðal þeirra gagna sem liggja því til grundvallar er flokkun landbúnaðarlands sem unnið var af EFLU. Samkvæmt niðurstöðum sveitarfélagsins er framkvæmdarsvæði Hnotasteins á svæði sem flokkast sem lélegt og sámslegt ræktunarland. Niðurstaða faghóps 2 er því í mótsögn við rökstudda flokkun sveitarfélagsins Norðurlings. Samkvæmt flokkun sveitarfélagsins atti virðiseinkunn svæðisins skv. þeim matskvarða sem faghópurinn notar að vera að hámarki 3. 25 <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/53832> Qair óskar eftir rökstuðningi faghóps 2 á flokkun svæðisins sem góðs ræktunarlands m.t.t. ofangreinds.

Svar faghóps 2


Faghópur 2 notaði ekki sömu aðferðafræði (og ekki sömu einkunnagjöf) og Efla gerði í skýrslu sinni, sem kom eftir að mat faghópsins fór fram. Því er ekki hægt að bera þessi tvö mót saman. Samkvæmt þeirri aðferðafræði sem faghópurinn notaðist við þá fékk Hnotasteinn, sem er á svæði sem hentar vel til beitar, einkunnina 6 óháð því hvort að landið henti til ræktunar eða ekki, þ.e. lendir í flokknum „*Vel gróð land, mikil beitarnot og/eða gott ræktunarland*“. Í mati faghópsins var byggt á sömu aðferðafræði við mat á öllum virkjunarkostum, og er því um enga mótsögn eða ósammræmi að ræða.

Umsögn

3.1.1. Hagsmunaáreksrar rýra trúðverðugleika matsins (í umsögn Qair Ísland ehf. um tillögur að flokkun tíu vindorkukosta)

Mati sínu til stuðnings vitnar faghópur 2 í rannsókn Rögnvalds Guðmundssonar á vegum Rannsóknir og Ráðgjöf Ferðaþjónustunnar (RRF). Í skýrslu RRF, titluð *Vindorkugarður á Hólaheiði í Núpasveit - áhrif á ferðaþjónustu og útivist er kannað viðhorf þriggja mismunandi hópa til fyrirbugaðrar framkvæmdar, þ.e. ferðaþjónustu- og útivistaraðila, erlendra ferðamanna, og innlendra ferðamanna*. Á mynd 1.3 á bls. 6 í skýrslu RRF (sjá mynd að neðan) kemur skýrt fram að afstaða ferðaþjónustuaðila til virkjunarkostsins er á öndverðum meði við afstöðu sjálfra ferðamannana. Þannig er meirihluti ferðamanna jákvæður eða blutlaus; 73% innlendra ferðamanna og 64% erlendra ferðamanna eru jákvæðir eða blutlausir gagnvart framkvæmdinni. Þessu er öfugt farið meðal ferðaþjónustuaðila, en könnunin leiðir í ljós að þetta blutfall nemur einungis 23% meðal þeirra. Í stað þess að leggja áherslu á gögn sem endurspeglar viðhorf ferðamannana sjálfra, sem eru hinir eiginlegu neytendur upplifunarinnar, kýs faghópurinn að einblína á neikvæða afstöðu ferðaþjónustuaðila. Þetta veldur sérstökum áhyggjum í ljósi þess að meðal fulltrúa í faghópnum eru aðilar sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem eigendur ferðaþjónustufyrirtækja. Í ljósi þessa er í meira lagi umbugsunarvert og óréttlátanlegt hvernig faghópur 2 dregur taum einnar atvinnugreinar á kostnað annarra.

Mynd 1.3 Ætluð áhrif vindorkugarðs á Hólaheiði á upplifun af nágrenninu



Niðurstöður úr rannsókn RRF um áhrif Hnotasteins á ferðamennsku.

Svar faghóps 2

Samkvæmt skipunarbréfi er faghópi 2 ætlað að meta áhrif virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað og aðra landnotkun. Því er ekki hægt að fullyrða að faghópurinn dragi „*taum einnar atvinnugreinar á kostnað annarra*“, honum er beinlínis ætlað að draga fram hvaða áhrif virkjanir gætu haft á ferðaþjónustuna.

Í umræddri skýrslu Rögnvalds Guðmundssonar kemur fram að 77% ferðaþjónustuaðila, 36% erlendra ferðamanna og 27% innlendra ferðamanna eru fremur neikvæð eða mjög neikvæð í garð vindorkuversins Hnotasteins. Fyrir ferðaþjónustuna er þetta áhyggjuefni því að þessar

niðurstöður benda til að hætta er á að eftirspurn eftir ferðapjónustu í nærsamfélaginu dragist saman, sem þýðir færri störf og minni fjárhagslegur ávinningur fyrir greinina.

Í lokaskýrslu faghópsins er þetta skýrt enn frekar með tilvísanir í viðeigandi rannsóknir á þessum þáttum:

Ýmsar rannsóknir benda til að vindorkuver á áfangastað hafi áhrif á hvort ferðamenn ákveði að heimsækja staðinn og þau geti leitt til þess að þeir heimsæki hann síður (Frantál og Kunc, 2011; Silva og Delicado, 2017; Warren og McFadyen, 2010). Það hefur síðan efnahagsleg áhrif og gæti stuðlað að samdrætti í ferðapjónustu (Broekel og Alfken, 2015), sérstaklega á svæðum þar sem náttúran er aðalaðdráttaraflíð (Fredman og Tyrväinen, 2010). Þó að fjöldi ferðamanna sem hættrir við að koma á áfangastað vegna vindorkuvers sé ekki mikill þá geta neikvæðu efnahagslegu áhrifin fyrir viðkomandi samfélag verið mikil (Riddington o.fl., 2010). Í rannsókn á Íslandi sögðust 30% ferðamanna vera ólíklegri til að heimsækja áfangastað ef þar yrði reist vindorkuver. Jafnframt sagði um helmingur þeirra að hann fordíst að ferðast á áfangastaði þar sem eru vindorkuver og 66% sögðu að vindmyllur hefðu neikvæð áhrif á aðdráttarafl svæða fyrir ferðamenn (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2018). (bls. 21)

Í lokaskýrslunni er þetta rökstutt enn frekar með eftirfarandi:

De Sousa og Kastenholz (2015) benda á að vindorkuver séu ekki líkleg til að vera hluti af aðdráttaraflí ferðamannastaða, nema þá fyrir íbúa svæðisins. Ástæðan fyrir því er að ferðamenn séu í leit að framandi upplifun á áfangastöðum þegar ferðast er til útlanda. Í ljósi þess að vindorkuver líta eins út í flestum löndum sé líklegra að fólk heimsæki þau í heimalandi sínu en á ferðalögum í útlöndum.“ (bls. 21)

Umsögn

3.1.2. *Jafnræðis ekki gætt - verkefni metin á ójöfnum grundvelli* (í umsögn Qair Ísland ehf. um tillögur að flokkun tíu vindorkukosta)

Í töflu 3 (bls. 33) metur faghópur 2 að „þegar ferðast er í bíl frá einu ferðasvæði til annars geta neikvæð áhrif vindorkuvera náð lengra en sýnileiki þeirra.“ Í mati faghópsins á ábrifum Hnotasteins á ferðamennsku spannar ábrifasvæðið alla Norðurstrandarleiðina, frá Bakkafirði í austri til Hvammstanga í vestri. Faghópur 2 rökstyður þetta með því að Norðurstrandarleiðin sé einn heildstaður áfangastaður þar sem ferðamenn upplifa ferðalagið sem samfellda heild. Óraunhæft og ósanngjarnt er að ætla Hnotasteini ábrif á slíku óraflæmi lands í samanburði við Vindheimavirkjun, sem er, líkt og Hnotasteinn, einnig sýnileg frá hluta Norðurstrandarleiðarinnar. Hnotasteinn og Vindheimavirkjun eru staðsettar u.þ.b. jafn langt frá Norðurstrandarleiðinni, eða um 9 km. Þrátt fyrir þetta er ábrifasvæði Hnotasteins talið ná yfir 28 ferðasvæði, en ábrif Vindheima aðeins yfir 12 ferðasvæði. Með öðrum orðum eru meint ábrif Hnotasteins um 237 km í beinni línu að ysta ábrifasvæði (Hvammstanga), en ætluð ábrif Vindheimavirkjunar ná í mesta lagi um 75 km (Skagabeidi). Enginn rökstuðningur er gefinn fyrir þessum þrefalda fjarlægðarmismun á ábrifasvæðum. Ef hugmyndin um samfellda heild Norðurstrandarleiðarinnar á að réttlata svona viðfeðmt ábrifasvæði ætti sú nálgun að gilda jafnt um Vindheima. Það sama á við um ábrif af völdum Mosfellsheiðarvirkjana, en sýnileiki er að þeim frá bringveginum á suðvesturborni landsins, en hundruð þúsundir ferðamanna ferðast um hann árlega¹³ enda er um fjölförnustu ferðamannaleið landsins að ræða. Einnig er vert að minnast á Hrítmúlavirkjun og Alviðru í þessu sambengi. Að lokum má benda á, að næstum allir ferðamenn sem ferðast til landsins munu hafa sýnileika að Reykjanesvirkjun frá Reykjanesbraut auk þess sem virkjunin verður í mörgum tilfellum sýnileg úr lofti við aðflug að Keflavíkurflugvelli og mun þannig vera meðal þess fyrsta sem ferðamenn sjá af Íslandi við komu. Þetta er til marks um þau vandkvæði sem nálgun faghóps 2 er bundin og þær ólíku forsendur sem hann leggur til grundvallar mati sínu eftir því um hvaða virkjanir ræðir. Bent er á að fulltrúum rammaáætlunar ber að virða jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar og að hér, eins og víða annars staðar, er þottur brotinn hvað það varðar.

Svar faghóps 2

Tekið er undir ábendingu Qair Ísland ehf. þess efnis að sambærileg rök eigi við um áhrifasvæði Vindheimavirkjunar og Hnotasteins þar sem báðar virkjanirnar liggja við Norðurstrandarleiðina. Því hefur nú verið brugðist við þessari athugasemd og áhrifasvæði Vindheimavirkjunar stækkað í samræmi við það.

Þegar litið er til annarra virkjunarkosta, svo sem Mosfellsheiðarvirkjana, Hrótmúlavirkjunar, Alviðru og Reykjanesvirkjunar, er rétt að benda á að áhrifasvæði þeirra eru almennt ekki eins víðfeðm og áhrifasvæði Hnotasteins og Vindheimavirkjunar. Það skýrist meðal annars af því að þessir virkjunarkostir eru ekki staðsettir við sérstaklega markaðssettar ferðaleiðir eins og Norðurstrandarleið er. Norðurstrandarleið er ferðaleið sem hefur verið þróuð og markaðssett af Markaðsstofu Norðurlands sem heilstæð ferðaafurð, þar sem áhersla er lögð á óspillta náttúru og lífríki svæðisins, með sérstakri áherslu á fugla- og dýralíf. Uppbygging vindorkuvera á slíkum svæðum getur því farið gegn þeirri ímynd sem verið er að skapa og þeim fyrirframgefnum væntingum sem að ferðamenn hafa.

Landslag og ásýnd svæða þar sem Mosfellsheiðarvirkjanirnar og Reykjanesvirkjun eru staðsettar einkennist hins vegar af nálægð við þéttbýli og fyrirliggjandi orkumannvirki eins og t.d. jarðvarmavirkjanir og háspennulínur. Því hefur borgarlegt yfirbragð og núverandi uppbygging þegar mótað ásýnd svæðanna. Áhrifasvæði þessara virkjana ráðast af sérstaklega markaðssettum ferðaleiðum í nágrenninu; til að mynda mótar Gullni hringurinn áhrifasvæði Mosfellsheiðarvirkjananna og helstu ferðaleiðir um Reykjanesið hafa áhrif á skilgreiningu á áhrifasvæði Reykjanesvirkjunar. Vert er að taka fram að Hringvegurinn er ekki metinn sem sérstök ferðaleið í þessu samhengi, þar sem hann er ekki markaðssettur sem sérstök ferðaafurð af ferðafjónustunni, líkt og Norðurstrandarleiðin. Hringvegurinn eða aðflug að Íslandi falla undir áfangastaðinn Ísland sem heild, en það er ekki hlutverk faghópsins að meta heildaráhrif virkjunarframkvæmda á Íslandi.

Hrótmúlavirkjun og Alviðra eru staðsettar í hefðbundnu landbúnaðarlandslagi sem er að einhverju leyti sambærilegt við landslag í grennd við Hnotastein. Hins vegar eru ferðaleiðir í kringum þessa virkjunarkosti að mestu staðbundnar og markaðssettar sem hlutar af afmörkuðum svæðum, t.d. uppsveitum Suðurlands í tilfelli Hrótmúlavirkjunar og Silfurhringurinn (Silver circle) í Borgarfirði þegar kemur að Alviðru. Þessi svæði eru því ekki hluti af víðtækari og heildstæðri ferðaafurð, eins og á við um svæðið í kringum Norðurstrandarleiðina.

Að lokum má nefna að afleiðingastuðull fjarsvæða Hnotasteins hefur mjög lítið vægi, eða einungis 1% á hverju svæði.

13. Umsögn nr. 11. Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson v. Alviðru.

Sömu athugasemdir og komu í fyrra umsagnarferli, umsögn nr. 101. Sjá svör við þeim í lið nr. 8 hér að framan.

14. Umsögn nr. 35. Sigurður Hjarðar Leópoldsson og fleiri v. Alviðru

Umsögn

En því til viðbótar viljum við benda á að við erum ósammála mati á áhrifum á ferðafjónustu vegna Alviðru t.d. í samanburði við Mosfellsheiði. Það virðist að verkefnabópur meti skaða af vindorkuveri á ferðafjónustu á Mosfellsheiði þar sem er nú þegar til staðar ferðafjónusta. Í tilfelli Alviðru á Grjóthálsi er lokað fyrir framtíðar uppbyggingu og þróun ferðafjónustu. Skaðinn er sá sami á báðum stöðum.

Svar faghóps 2

Faghópur 2 endurmat áhrif Alviðru á ferðþjónustu og útivist eftir fyrra umsagnarferlið og urðu áhrifin af Alviðru meiri í því endurmati þó það sé ennþá lægra en mat Mosfellsheiðarvirkjananna. Hluti af ástæðunni fyrir því að áhrif Mosfellsheiðarvirkjananna eru metin svona mikil er sú að í nágrenni höfðuborðgarsvæðisins eru mjög mikilvæg og fjölsótt útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Þegar mat var lagt á virði svæða og áhrif virkjana á það m.t.t. ferðþjónustu og útivistar var horft til framtíðar með því að meta afþreyingarmöguleika.

15. Umsögn nr. 53. Kapall ehf.

Umsögnin er nánast samhljóða umsögn nr. 115 frá sama aðila í fyrra umsagnarferli. Sjá svar við henni í lið 10 hér að framan.